

Fundarboð

Fundargerð 162. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 18. mars 2022 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Einar Sveinn Kristjánsson og Agnar Ólason.

Fjarfundur: Sigurður Jóhann Erlingsson, Svanur Gunnsteinsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Andrés Bjarnason

Fjarverandi: Pétur Freyr Jónsson.

Dagskrá :

1. Yfirferð og undirritun ársreikninga VM

Formaður bauð Ásbjörn Björnsson endurskoðanda velkominn á fundinn og gaf honum orðið. Ásbjörn sagði að hann væri kominn til að fara yfir ársreikninginn sem stendur til að undirrita af stjórn í dag. Hann byrjaði á að lesa úr skýrslu endurskoðanda og síðan skýrslu stjórnar þar sem fram kemur að afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi sé 134,2 millj. og eigið fé í árslok er 2.610 millj. Í fjárvörslu og eignastýringu eru 1.470 millj. Næst fór hann yfir rekstrarreikninginn (bls. 4). Rekstartekjur eru 655 millj. en voru 720 millj. árið 2020 en á því ári var færður söluhagnaður upp á 113 millj. Rekstargjöld eru 625 millj. samanborið við 645 millj. árið á undan. Laun og launatengd gjöld 132 millj. og afskriftir 32 millj. en Stórhöfði 29 er að koma inn í fyrningu í fyrsta skipti árið 2021. Heildarafkoma ársins er 134 millj. samanborið við 152 millj. árið 2020. Lækkunin stafar af, eins og áður sagði, hagnaði af sölu Stórhöfða 25 árið 2020. Næst fór Ásbjörn yfir efnahagsreikninginn (bls. 5), heildareignir félagsins eru 2.806 millj. samanborið við 2.649 millj. árið á undan. Allir sjóðir með jákvæðan höfuðstól nema orlofssjóður sem er með neikvæðan höfuðstól. Skuldir félagsins eru m.a. út af skuldbindigu vegna fjármagnstekjuskatts eða 140 millj. samtals skuldir félagsins eru um áramót 197 millj. Eigið fé og skuldir eru samtals 2.807 millj. Raunávöxtun á sjóði félagsins var í heild mjög góð og raunávöxtun Akks var 5,91% sem er sú hæsta síðustu 5 ár.

Skýring 8, tengdir aðilar, er nýr liður í ársreikningi, en hann kemur inn vegna 2F. Í framtíðinni þá mun félagið upplýsa um kostnað og viðskipti við þennan tengda aðila í samræmi við lög. Laun og launatengd gjöld breytast þar sem umsjón orlofshúsa er komin í verktöku. Á bls 14, sundurgreining á almennum rekstarkostnaði, þar er stór liður húsaleiga, hiti og rafmagn sem dettur niður en það er vegna þessa að árið 2020 var greidd leiga vegna S25.

Innheimtukostnaður hefur líka lækkað en það er vegna þess að félagunum innan 2F tókst að

ná samningi við Birtu um lækkun á innheimtukostnaði. Næst var farið yfir sundurgreiningu á rekstri orlofshúsa og íbúða, eru helstu breytingar þar eru við liðinn laun og launatengd gjöld en það er ekki lengur starfsmaður á launaskrá hjá orlofssjóði, verktakar hafa tekið við og því hækkar liðurinn aðkeypt þjónusta. Félagssjóður er með hagnað upp á rúmlega 24 millj. samanborið við 134 millj. árið áður en munurinn á milli ára er eins og áður hefur komið fram vegna sölu og svo einnig vegna lækkunar á þóknun orlofssjóðs til félagssjóðs úr 15% í 10%. Síðan var farið yfir ársreikning Styrktar- og sjúkrasjóðs, rekstrarhagnaður var tæpar 20 millj. og hagnaður ársins rúmar 67. millj.

2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 160 og 161

Farið var yfir póst frá stjórnarmanni varðandi fundagerð 160. Samþykkt að fá Halldór til að laga fundarerðina, fundagerð 160 verður því ekki undirrituð núna. Fundagerð 161 samþykkt og undirrituð.

3. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður sagði frá því að kjarasamningur sjómanna sé í ferli hjá sáttasemjara. Mönnum tókst að setja umræður um samninginn í vinnuhópa. Formaður var í hóp til þar sem ræða átti kauptrygginguna en þegar hann kom á fund þá var ljóst að menn ætluðu ekki að ræða kauptrygginguna heldur hafnarfríin.

Formaður segist ekki bjartsýnn á þessa samninga, næsti fundur hjá sáttasemjara er á mánudaginn. Það var líka verið að ræða um viðbrögð við breyttum lífslíkum þar sem Lífeyrissjóðir fara mismunandi leiðir. Gildi hélt fund fyrir alla formenn en Birta hélt breiðari fundi. Fulltrúi frá Lífeyrissjóðnum Birtu kom hér í hús og var með þeirra kynningu. Það fór fundarboð á alla stjórnarmenn og alla í fulltrúaráðum Birtu og Gildis ca. 60 – 70 manns sem fengu fundarboð, það mættu 4 í hús auk formanns og starfsmanns og 4 á fjarfund. Þannig að það má segja að það hafi 10 félagsmenn hlustað á þetta. Menn sem hafa verið að hamra á að fá kynningu á þessu mættu ekki einu sinni. Það er verið að breyta lífslíkunum þannig að í staðinn fyrir að horfa á það sem hefur gerst á síðustu 4 – 6 árum og færa lífslíkur upp eftir því þá á að fara að líta til spálíkans, það á að hækka lífaldurinn upp um 4 ár, Gildi ætlar að hafa lífeyristökualdur 67 ára og minnka útgreiðsluna á hvern mánuð en Birta ætlar að miða við 70 ára, þeir hækka þetta í skrefum. Formaður sagðist vera að reyna að fá einhvern frá Landsambandi lífeyrissjóða til að koma á aðalfundinn og vera með smá erindi um þetta undir önnur mál. Svo eru fundir reglulega með miðstjórn ASÍ lítið um það að segja nema það sem menn lesa í blöðunum. Það er bullandi óánægja þarna inn frá ákveðnum armi. ASÍ bauð öllum formönnum og öllum sem sitja í stjórnnum lífeyrissjóða á rökræðufund. Einnig voru fundir með efnahags og skattanefnd og seðlabankastjóri mætti á einn fundinn.

4. Samvinna á Stórhöfða

Búið er að taka einn fund og næsti fundur eftir helgi. Spurt var þá hvort VM sé þá búið að samþykkja ef stjórn 2F samþykkir? Formaður sagði svo ekki vera, formennirnir þurfa alltaf að bera þetta undir stjórnir félaganna.

5. Dagskrá aðalfundar

Formaður fór yfir dagskrá aðalfundar. Lagabreytingar, farið verðu í þær undir liðnum önnur mál. Kjósa þarf í stjórn Styrktar og sjúkrasjóð. Ekki þarf að kjósa uppstillingarnefnd því það er bara annað hvert ár. Mikilvægt að vera með vanan fundarstjóra svo t.d. lagabreytingar fari rétt fram. Í öllum þessum tilvikum gætum við þurft að kjósa. Ef fundurinn er rafrænn þá þurfa

kostningar að vera rafrænar, líka þeir sem eru á fundinum. Mikið flækjustig við kostningar á 2 stöðum. Við getum hins vegar boðið upp á streymi frá fundinum. Einar sagði að það þyrftu að vera rafrænar kostningar og taka þurfi þá fram sérstaklega að það séu einhverjir sem kjósa á pappír.

Lögð var fram tillaga um að kostning á aðalfundinum væri rafræn? Spurt var hvort það væri löglegt að vera með rafræna kostningu. Bent var á að það er verið að kjósa til formanns og stjórnar rafrænt því er þá ekki hægt að gera það sama á aðalfundi. Formaður sagði að varðandi formanns og stjórnarkjörið þá þurfi margir aðstoð við kosninguna og hafa þá tíma til að leyta sér aðstoðar. Jónas kom inn á fundinn og telur að það sé ekki hægt að taka kostningaréttin af mönnum ef þeir eru ekki með rafræn skilríki. Einar lagði fram tillögu um rafræna kostningu og rafrænan fund og var það samþykkt. Þó verður í boði fyrir þá sem eru í sal og treysta sér ekki til að kjósa rafrænt að kjósa á blaði. Formaður hélt áfram að fara yfir dagskrá fundarins og næsta var að kjósa um endurskoðanda. Hann stakk upp á að tilnefna Ásbjörn Björnsson áfram og var það samþykkt.

Kjósa þarf í stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs, allir sem eru í stjórn núna gefa kost á sér áfram og lagði til að stjórn myndi styðja þá. Samþykkt samhljóða.

Kosning í kjörnefnd, þar sitja Benóný, Halldór og Halldór Oddsson og eru tilbúnir til að vera áfram. Samþykkt að leggja þessa tillögu fyrir fundinn. Formaður talaði síðan um að á fundinum yrði óskað eftir að fá að byggja nýtt hús á Einarstöðum og þarf það að vera sér líður í dagskránni. Skýrsla um húsið núna liggur fyrir og Gunnar Fannberg mun koma á fundinn og fara yfir hana. Bent var á að mikilvægt væri að vera með kostnaðinn á hreinu sem við þurfum að borga vegna orlofsbyggðarinnar hvort sem við séum með hús eða ekki. 2 önnur mál sem liggja fyrir verða sett undir önnur mál, Önnur mál: A, kynning á fagfélögunum og B, kynning frá lífeyrissjóðum. Fundarmenn voru ekki á því að bæta kynningu lífeyrismála við fundinn því þá verður hann alltof langur, samþykkt.

Heiðrun á aðalfundi. Formaður sýndi tillögu um Gullmerki og Heiðursfélaga. Gullmerki: Samúel Ingvason, Sverrir Þórhallsson, Gunnar S. Gunnarsson, Trausti Ingólfsson og Jón Ragnarsson. Heiðursfélagi: Vignir Eypórsson. Rætt hafði verið um að Kristinn Daníel Hafliðason, sem verður 100 ára á árinu myndi einnig fá Gullmerkið en hætt var við það og ákveðið að heiðra hann frekar á Sjómannadaginn. Tillaga formanns var samþykkt.

6. Styrkbeiðnir

Ekkert barst.

7. Lagt fram til upplýsingar

Ályktun ASÍ um Úkraínumálið. Rafiðnaðarsambandið ætlar að láta 2 íbúðir í Reykjavík og 2 á Akureyri og ef Ölfusborgir verða í boði þá munu þeir koma þar að. Formaður spurði, ef farið verður út í Ölfusborgir erum við þá tilbúnin til að leigja það? Umræður um þetta en ákvörðun frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál

- Spurt vari út í Jóakim. Þegar við vorum með orlofshúsakerfið þá þá sáum menn greiðslurnar sínar, söguna, en eftir að Frímann tók yfir þá sér maður ekkert lengur. Formaður tók að sér að að skoða þetta.
- Lagabreytingar. Formaður fór yfir tillögur laganeftdar að lagabreytingum fyrir aðalfund. Hans tillaga var síðan að fara bara með fyrir fundinn núna það sem er alveg nauðsynlegt en vinna hitt betur fyrir næsta fund eins og t.d. lágagjaldið. Honum

finnst þetta ekki nógu vel unnið til að hægt sé að leggja fram. Tillaga formanns var samþykkt og það sem fer fyrir aðalfund er breyting á **7. gr.** *Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og afhent skrifstofu félagsins ásamt félagsskírteini.*

12. gr. Stjórnin ákveður starfskjör formanns og framkvæmdastjóra.

Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra, sem síðan þarf samþykki stjórnar.

15. gr. bæta inn í hana *Launanefnd VM er fastanefnd sem starfar allt árið. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra, sem síðan þarf samþykki stjórnar. Launanefnd er skipuð þremur stjórnarmönnum sem skuli kosnir á fyrsta fundi stjórnar eftir stjórnarkjör.*

- Bent var á að mjög mikilvægt væri að merkja vel hvar fundurinn er t.d. með fánum bæði við innganginn og við innkeyrslur.
- Stjórnarmaður sagðist hafa sent tölvupóst og óskaði eftir að fundargerðin yrði send viku fyrir fundinn amk. og að gögn fundarins yðu komin undir fundinn 48 tímum fyrir fund, en það hefði ekki gerst. Formaður fór yfir stöðuna
- Spurt var, á síðasta fundi var spurning frá félagsmanni, sem var vísað til Lögmans félagsins. Er komið svar? Nei svar er ekki komið.

Fundi slitið 16:30